

Akraneskaupstaður
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík 22. mars 2018
UST201802-010/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Akraness 2018 - 2030 - endurskoðun

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs hjá Akraneskaupstað er barst 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um endurskoðað aðalskipulag Akraness 2018 – 2030.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og telur hana skýra og greinargóða. Einnig bendir stofnunin á að inngangur er afar aðgengilegur og í lokin er umfjöllun um framfylgd aðalskipulagsins og breytingar sem er mjög skýr.

Iðnaðarsvæði

Í umfjöllun um iðnaðarsvæði kemur fram að á reit 104I sem er 0,7 ha að stærð er fullbyggð olíubirgðastöð. Umhverfisstofnun bendir á að olíubirgðastöðin er ekki með gilt starfsleyfi.

Landfyllingar

Umhverfisstofnun tekur undir það að landfylling af stærðinni 6 ha er tikynningaskyld til Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun minnir á að varp í hafið er óheimilt sjá 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda en þar segir: „*Varp efna og hluta í hafið er óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:*

- a. *dýpkunarefnum,*
- b. *náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,*“

Önnur náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á að það er 61. gr. laga um náttúruvernd sem fjallar um jarðminjar og vistgerðir er njóta sérstakrar verndar. 57. gr. laga nr. 60/2013 fjallar um réttaráhrif friðunar.

Hverfisvernd


Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd vegna náttúrufars og útivistar og telur til fyrirmyndar að hverfisverndarsvæðin 501-HV og 121-HV myndi ásamt friðlandinu Blautós og Innstavogsnesi N1 samfelld verndarsvæði með norðurströnd bæjarins.


Fráveita

Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að unnið hafi verið skv. áætlun um uppbyggingu aðalfráveitukerfis, byggingu dælustöðva og hreinsun fráveituvatns. Einnig kemur fram að áætlun Orkuveitu Reykjavíkur miðist við að verklok framkvæmda verði 2016. Ekki kemur fram hvort þau verklok hafi náðst 2016. Að mati stofnunarinnar ætti það að koma fram, og einnig ætti að koma fram tímasett markmið um verklok ef þau náðust ekki 2016.

Beðist er velvirðingar á því að langan tíma hefur tekið að svara erindinu

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur